



Fundargerð

41. fundur Lýðheilsuráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Tjarnargötu 12
19. september 2023, kl. 14:00

Viðstaddir: Bjarney Rut Jensdóttir formaður, Anna Lydía Helgadóttir, Jóhanna Björk Sigurbjörnsdóttir, Karítas Lára Rafnkelsdóttir og Magnús Einþór Áskelsson.

Að auki sátu fundinn Hafþór Birgisson íþróttá- og tómstundafulltrúi og Íris Eysteinsdóttir ritari.

* * *

1. Lýðheilsuvísar 2023 fyrir Reykjaneshæ (2023090427)

Hafþór Birgisson íþróttá- og tómstundafulltrúi Reykjaneshæjar fór yfir niðurstöður lýðheilsuvísa sem voru frumfluttir 14. september og í fyrsta skipti niðurbrotið fyrir 9 fjölmennustu sveitarfélögin.

Lýðheilsuráð er sammála um að niðurstöðurnar gefi til kynna að mikil sóknarfæri eru til að skapa aðstæður fyrir betri líðan og að íbúar Reykjaneshæjar í samstarfi við bæjaryfirvöld verði að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að svo megi verða.

2. Heilsu- og forvarnavika Reykjaneshæjar 2023 (2023060135)

Hafþór Birgisson íþróttá- og tómstundafulltrúi Reykjaneshæjar kynnti heilsu- og forvarnaviku Reykjaneshæjar sem fram fer 25. september – 1. október nk.

Dagskráin í heild sinni verður birt inn á visitreykjaneshajar.is

3. Snjallsímalausir grunnskólar (2023030312)

Bjarney Rut Jensdóttir formaður Lýðheilsuráðs sagði frá vinnu við málþing sem Lýðheilsuráð og Menntaráð koma sameiginlega að í Stapa þann 28. september nk. í heilsu- og forvarnaviku Reykjaneshæjar.

Lýðheilsuráð hefur síðastliðið ár verið í samráði við fagfólk og skoðað rannsóknir vegna geðheilbrigði ungmenna í tengslum við notkun snjalltækja og samfélagsmiðla. Lýðheilsuráð vill með þessu málþingi fá aðila sem starfa innan skólasamfélagsins, ungmenni og foreldra þeirra til þess að koma og taka þátt í umræðu um áhrif snjalltækja á ungmenni í nútímasamfélagi.

4. Æskulýðsvettvangurinn (2023090428)

Lýðheilsuráð leggur áherslu á að þau sem starfa með börnum og ungmennum kynni sér vel áherslur æskulýðsvettvangsins.

Lýðheilsuráð felur Hafþóri Birgissyni íþróttá- og tómstundafulltrúa að koma upplýsingum á viðeigandi aðila.

5. Heilsueflandi grunnskóli – áhugaverðir dagar og viðburðir haustmíssi 2023

Dagatalið lagt fram til kynningar.

6. Fjárhagsáætlun 2024 (2023080212)

Lýðheilsuráð fagnar að gert sé ráð fyrir áframhaldandi starfi ráðsins. Höldum áfram saman að vinna að heilsueflandi samfélagi – íbúum Reykjanesbæjar til heilla.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.40